

8. gr.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

Reykjavík, 24. september 1975.

Í stjórn styrktarsjóðs Fóstbræðra.

Magnús Guðmundsson. Ásgeir Hallsson. Einar Geir Þorsteinsson.

1. október 1975.

Nr. 440.

AUGLÝSING**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1.—30. september 1975.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, vill ráðuneytið hér með staðfesta eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 1.—30. september 1975.

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10 × 4 × 1 lb. blokkfryst	308.20
2. 24 × 1 lb. blokkfryst	321.30
3. 24 × 450 gr. sérfryst	321.30
4. 6 × 2 kg., 5 × 2 kg. og 4 × 2 kg. sérfryst	321.30
5. 4 × 2,5 kg. sérfryst	321.30
6. 2 × 5 kg. sérfryst	321.30
7. 4 × 7 kg. sérfryst	321.30
8. 1 × 25 lbs. sérfryst	321.30
9. 15 × 200 gr. sérfryst	326.70
10. Í saltlegi	308.20

Verðbil verður ekkert.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðist við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði. Komi til greiðslu úr sjóðnum, verður hún ekki meiri en sem svarar innstæðu í honum.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. október 1975.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.*Gylfi Þórðarson.*

6. október 1975.

Nr. 441.

REGLUGERÐ**um breyting á reglugerð um gerð lyfseðla og afgreiðslu lyfja nr. 338 20. nóvember 1973.**

1. gr.

Við 8. gr. bætist nýr stafliður t. svo hljóðandi:

t. Hvers konar tetrasýklínsambönd skal áletra með rauðum bókstöfum á hvítum grunni: